



Stytting Hörgaeyrargarðs



Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015–2035

9. 12. 2022



Efnisyfirlit

1 Aðdragandi	2
2 Forsendur	4
3 Staðhættir og framkvæmdir	5
4 Stefna í aðalskipulagi	6
4.1 Landnotkun	6
4.2 Fyrirhuguð breyting	7
4.3 Tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni	7
4.3.1 Landsskipulagsstefna	7
4.3.2 Aðalskipulag	8
4.3.3 Deiliskipulag	8
4.4 Umhverfismat	9
5 Málsmeðferð	10



1 Aðdragandi

Vestmannaeyjabær hyggst stytta Hörgaeyrargarð sem sést á mynd 1.1 allt að 90 m. Ráðgert er að nýta efnið sem taka þarf úr garðinum við viðhald á núverandi hafnarmannvirkjum og aðra uppbyggingu á Heimaey eftir þörfum. Til að kleift sé að stytta Hörgaeyrargarðinn þarf Vestmannaeyjabær að breyta Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Skipulagslýsing þessi er fyrsti liður í þeirri breytingu.

Sá hluti Hörgaeyrargarðs sem um ræðir var að mestu byggður upp á árunum 1928-1929¹, en þá var garðurinn lengdur um 70 m. Á þeim tíma, fyrir Heimaeyjargos, var höfnin töluvert opnari og því berskjaldaðari fyrir ágangi sjávar. Garðurinn myndaði því skjól fyrir báta innan hafnarinnar, sbr. mynd 1.2 sem sýnir hvernig lega innsiglingargarðanna var fyrir Heimaeyjargosið. Nú er svo komið að garðurinn þrengir að siglingu skipa um höfnina og kemur í veg fyrir að hægt sé að taka stór skip inn til hafnar. Þegar skip liggja við Nausthamarsbryggju, sem er andspænis Hörgaeyrargarði sbr. mynd 1.3, hafa myndast aðstæður þar sem tæpt hefur staðið að skip á siglingu rekist á skip sem liggja við bryggjuna. Myndin sýnir nokkuð hlykkjótt siglingaleið skipa til hafnar, sem þurfa að sneiða hjá garðinum og grynningum í kringum hann. Þar sést einnig strandlína Heimaeyjar fyrir gos. Til að tryggja örugga skipaumferð um höfnina leggur Vegagerðin til að Hörgaeyrargarðurinn verði fjarlægður að hluta og svæðið í kringum hann dýpkað. Áhrif styttingar garðsins á staðbundna vindöldu innan hafnar eru óveruleg, hvort sem hann er stytur um 50 m, 70 m, eða fjarlægður alveg².



Mynd 1.1. Horft í austurs yfir Vestmannaeyjahöfn. Hörgaeyrargarður er merktur með rauðum hring.

¹ <https://timarit.is/page/5463272#page/n48/mode/2up>

² Vestmannaeyjahöfn. Öldufar innan hafnar. Áhrif styttingar Hörgaeyrargarðs, Vegagerðin, maí 2022.



Mynd 1.2: Hörgerargarður og Skans fyrir Heimaeyjargoss.



Mynd 1.3 sýnir Vestmannaeyjahöfn og innsiglinguna ásamt Hörgerargarðinum og Nausthamarsbryggju. Skærbláa línan sýnir strandlínu Heimaeyjar fyrir gos.

2 Forsendur

Vestmannaeyjahöfn er skilgreind sem hluti af grunnneti samgangna á sjó á Íslandi. Góð og örugg höfn á Heimaey er grundvöllur helstu atvinnustarfsemi og samgangna til og frá eyjunni.

Til að auka öryggi sjófarenda og bæta aðstöðu fyrir skipalægi við höfnina, hefur Vestmannaeyjabær ákveðið að hefja undirbúning aðalskipulagsbreytingar þar sem mörkuð verður stefna um styttingu Hörgaeyrargarðsins. Á fundi 277 hjá framkvæmda- og hafnarráði þann 5. júlí 2022 var samþykkt að stytta Hörgaeyrargarð um allt að 90 m. Sú bókun var staðfest í bæjarstjórn þann 15. september sl.

Breyting þessa efnis á aðalskipulagi Vestmannaeyja styður m.a. við meginmarkmið aðalskipulags Vestmannaeyja um öfluga útgerð og fiskvinnslu, þar sem aðstaða þessara greina í landi og í höfn, verði eins og best getur orðið á hverjum tíma. Hún styður einnig við markmið um greiðar sjósamgöngur milli lands og Eyja.


Hér er lögð fram lýsing á skipulagsverkefninu en tilgangur hennar er m.a. að tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu á fyrstu stigum og að gera skipulagsvinnuna gagnsæja og markvissa. Gróf staðsetning aðalskipulagsbreytingar þessarar er merkt með rauðum hring inn á mynd 2.1.



Mynd 2.1: Fyrirhugað framkvæmdasvæði við Hörgaeyrargarð er afmarkað með rauðum hring á loftmynd, sem er frá Loftmyndum ehf.

3 Staðhættir og framkvæmdir

Gert er ráð fyrir Hörgaeyrargarður verði stytur um allt að 90 m. Styttingin gæti þó orðið minni, en að öllum líkindum verður stytt í áföngum. Samhliða verður dýpkað á grynningasvæði í kringum garðinn. Umfang fyrirhugaðra framkvæmda sést á mynd 3.1.



Mynd 3.1. sýnir afmörkun dýpkunarsvæðis og styttingu Hörgaeyrargarðs, sbr. hönnun Vegagerðarinnar.

Til að fjarlægja efnið úr Hörgaeyrargarði verður lagður tímabundinn vegur að garðinum, sem verður fjarlægður að framkvæmd lokinni.

Vegagerðin gerir ráð fyrir því að um 11.000 m³ af efni verði fjarlægðir úr Hörgaeyrargarði miðað við dýpkun niður á -2 m h.y.s. skv. sjómælingakerfi. Dýpkað verði með gröfu. Samhliða verður dýpkað af um 44.000 m² svæði niður í kóta -9,0 m, skv. sjómælingakerfi, sem mun þýða um 235.000 m³ af blönduð efni, sandi, mól og móbergi sem hrunið hefur úr Heimakletti.


Stórgrýti sem ekki verður nýtt strax til styrkingar hafnarmannvirkja, verður haugsett til bráðabirgða á svæði við höfnina eða því fundinn annars staður þar sem það verður tiltækt þegar nauðsynlegt verður að styrkja hafnarmannvirki. Einnig verður leitast við að nýta allt efni hvort sem er dýpkunarefni eða efni sem leggst til vegna styttingar garðsins eins og kostur er til uppbyggingar þar sem þörf er á. Vel verður hugað að nýtingu efnisins, þar sem jarðefni eru af skörnum skammti í Vestmannaeyjum og því þörf á að fara vel með allt efni og nýta það til hlítar.

4 Stefna í aðalskipulagi

4.1 Landnotkun

Breyting á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035, tengist eftirfarandi landnotkunarreitum, sbr. mynd 4.1:

- H-2: Hafnarsvæði Eiðið.
- SN-3: Botn, innri höfn.



Mynd 4.1: Þéttbýlisuppráttur Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035 sem sýnir landnotkun á svæðinu sem um ræðir. Hörgaeyrargarðurinn er merktur með rauðum hring. SN-3 Botn, innri höfn sést einnig.

Um svæðið H-2, hafnarsvæðið Eiðið (17,8 ha) gilda svofelld skipulagsákvæði í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035:

Hafnarsvæði þar sem fyrst og fremst skal leggja áherslu á atvinnuhúsnæði og hafnsækna starfsemi.

Engar íbúðir eru heimilar á svæðinu.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Um svæðið SN-3: Botn, innri höfn (22,7 ha) gilda svofelld skipulagsákvæði í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035:

Innri höfnin, takmarkast af skjólgörðum á Hringskeri og Hörgaeyri. Svæðið er mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingaleið, viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Með



reglulegu millibili þarf að dýpka höfnina og um hana liggja lagnir sem þjóna starfsemi á svæðinu.

4.2 Fyrirhuguð breyting

Tillögur um breytingu á aðalskipulagi munu fela í sér eftirfarandi, sjá mynd 4.1:

- Svæðið H-2, hafnarsvæðið Eiðið:
 - Breyting verður gerð á þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035, skipulagssvæðinu H-2, þar sem Hörgaeyrargarðurinn verður stytur um allt að 90 m til norðurs.
 - Ekki er þörf á að breyta skipulagsskilmálum fyrir H-2, öðru en stærð svæðisins.
- Svæði SN-3: Botn, innri höfn:
 - Breyting verður gerð á þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035, skipulagssvæðinu SN-3, þar sem afmörkun þess mun breytast í takt við framangreindar breytingar á H-2 og AF-3.
 - Ekki er þörf á að breyta skipulagsskilmálum fyrir SN-3, öðru en stærð svæðisins.


4.3 Tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni

4.3.1 Landsskipulagsstefna

Leiðarljós landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar eru í fullu samræmi við framangreind leiðarljós, þar sem hafnaraðstaða og um leið aðstaða fyrir skipaflutninga og samgöngur við Heimaey mun batna til muna með framangreindum breytingum á aðalskipulagi og styrkja þar með sveitarfélagið.



Mynd 4.2 sýnir vinnusóknar- og þjónustusvæði í Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Breytingarnar styðja einnig við stefnumið um meginkjarna þ.e. að skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild.

4.3.2 Aðalskipulag

Vestmannaeyjahöfn er skilgreind sem hluti af grunnneti samgangna á sjó á Íslandi. Fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi eru í samræmi við framangreint og fyrirbyggjandi stefnu í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035, þar sem þær styðja m.a. við meginmarkmið aðalskipulagsins um öfluga útgerð og fiskvinnslu, þar sem aðstaða þessara greina í landi og í höfn, verði eins og best getur orðið á hverjum tíma. Hún styður einnig við markmið um greiðar sjósamgöngur milli lands og Eyja.

Ljóst er að fyrirhugað dýpkunarsvæði fer nálægt lögnum í innsiglingunni, og nauðsynlegt að taka tillit til þeirra við útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir dýpkunina.

4.3.3 Deiliskipulag

Ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir Hörgaeyrarkanntinn. Breytingarnar munu því ekki hafa áhrif á deiliskipulagáætlanir. Gert er ráð fyrir því að hægt verði að fara í minnkun Hörgaeyrargarðs á grunni aðalskipulags.



4.4 Umhverfismat

Við mat á umhverfisáhrifum breytinganna verður einkum horft til áhrifa uppbyggingar og efnisflutninga á náttúrufar, minjar, ferðaþjónustu, samgöngur og aðra landnotkun og litið til samræmis við meginmarkmið aðalskipulags Vestmannaeyja. Einnig verður litið til áhrifa breytinga á Hörgaeyrargarðinum á öldufar í Vestmannaeyjahöfn, en fyrir liggur mat á áhrifum styttingar Hörgaeyrargarðs á öldufar innan hafnar³. Þar kemur fram að áhrif styttingar garðsins á staðbundna vindöldu innan hafnar eru óveruleg, hvort sem hann er stytur um 50 m, 70 m eða fjarlægður alveg.

³ Vestmannaeyjahöfn. Öldufar innan hafnar. Áhrif styttingar Hörgaeyrargarðs, Vegagerðin, maí 2022.



5 Málsmeðferð

Málsmeðferð verður í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsing þessi verður kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum og send Skipulagsstofnun til umsagnar. Þar með er þessum aðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu um skipulagsbreytinguna. Athugasemdafrestur mun koma fram í auglýsingum. Skipulagslýsingin verður auglýst í tölublöðum, Fréttablaðinu og vefmiðlun bæjarmiðla í Vestmannaeyjum og á vef Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjar.is Hún er einnig til sýnis í afgreiðslu Umhverfis- og framkvæmdasviðs. Óskað er eftir ábendingum sem senda skal bréflaga á umhverfis- og skipulagsfulltrúa dagny@vestmannaeyjar.is eða á bæjarskrifstofurnar.

Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Samgöngustofa
- Vegagerðin

Ábendingar sem berast við kynningu lýsingar verða hafðar til hliðsjónar við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi en verður ekki svarað með formlegum hætti. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi verður síðan kynnt á vinnslustigi og gefst þá aftur kostur á að koma á framfæri ábendingum. Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillaga að breytingu á aðalskipulagi fullunnin og lögð fyrir bæjarstjórn sem tekur ákvörðun um auglýsingu hennar.

Þegar breytingartillaga liggur fyrir verður hún auglýst í bæjarmiðlum, í Fréttablaðinu, Lögbirtingarblaðinu, á vef sveitarfélagsins og mun liggja frammi á bæjarskrifstofum Vestmannaeyja. Tillagan verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum. Athugasemdum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti.

Að auglýsingatíma liðnum verður tillagan afgreidd í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar. Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Gert er ráð fyrir því að skipulagsferlið taki um 6 mánuði.